

DK/

Reykjavík, 30. desember 2013

Stjórn Ákærendafélags Íslands hefur borist til umsagnar, með rafpósti allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 4. desember sl., tillaga til þingsályktunar um hert viðurlög við ölvunar- og vímuefnaakstri, 182. mál.

Engar athugasemdir eru gerðar af hálfu stjórnar félagsins vegna téðrar tillögu. Á það er hins vegar bent að á 139. löggjafarþingi (495. mál) og 141. löggjafarþingi (179. mál) voru lögð fram frumvörp til umferðarlaga (heildarlög) sem byggðu á ítarlegri endurskoðun sérfræðinga á gildandi umferðarlögum nr. 50/1987 með síðari breytingum.

Fyrir hönd Ákærendafélags Íslands,

Jón H. B. Snorrason,
formaður